

Efni: Frétt um skýrslu á ytri vef Vegagerðarinnar. Birtist 21/08/17.

Fréttir

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit fækkar slysum meira en punktaeftirlit

21.8.2017

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit á þjóðvegum fækkar slysum töluvert meira en núverandi kerfi myndavéla, samkvæmt nýrri skýrslu sem verkfræðistofan Mannvit hefur unnið fyrir Vegagerðina í gegnum rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar. Slíkt kerfi myndi borga sig upp á mjög skömmum tíma. Verkefnið var tvískipt og fyrst rannsakað hvaða kaflar ættu að fara í forgang. Síðan voru nokkrir þeirra kafla rannsakaðir frekar og þeir kostnaðarmetnir.

Skýrslurnar er að finna á vef Vegagerðarinnar.

Nýlega var gerð tilraun með sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit á kafla á Hringveginum og tókst það vel. Ekkert ætti að vera því lagalega til fyrirstöðu að koma upp meðalhraðaeftirliti hér á landi. Það felur í sér að tekin er mynd af bíl á leið inn á svæðið og síðan aftur út af því, þá er reiknaður meðalhraðinn og sé hann hærrí en leyfilegt er, er sektað.

Í rannsóknarskýrslunni kemur fram að sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit á lengri vegarköflum (um 10 km) kemur vel út, þar voru áhrif á hraða metin þrisvar sinnum meiri, með tilliti til hraðaminnkunar og umferðaröryggis, en með sjálfvirkum punkthraðakerfi.

Vísað er til norskrar rannsóknar frá árinu 2014 þar sem kemur í ljós að eftir uppsetningu meðalhraðakerfis hafi fækkun í fjölda látinn og alvarlegra slasaðra verið metin 49-54 prósent og eftirlitið hafði áhrif allt að 3 km fyrir og eftir myndavélnar.

Rannsóknarverkefnið er hugsað sem grunnur að innleiðingu sjálfvirkis meðalhraðaeftirlits og gæti orðið hluti af umferðaröryggisáætlun stjórnvalda en skoðaðir voru kaflar á Grindavíkurvegi, Hringveginum, Akrafjallsvegi og Ólafsfjarðarvegi.

